

Sonatorrek, Egil Skallagrimson

1. Mjök erum tregt
tungu at hrœra
eða loptvætt
ljóðpundara;
esa nú vænligt
of Viðurs þýfi
né hógdrœgt
ór hugar fylgsni.

2. Esa auðþeystr,
þvít ekki veldr
höfugligr,
ór hyggju stað
fagnafundr
Friggjar niðja,
ár borinn
ór Jötunheimum,

3. lastalauss
es lifnaði
á Nökkvers
nökkva bragi.
Jötuns hals
undir þjóta
Náins niðr
fyr naustdyrum.

4. Þvít ætt mín
á enda stendr,
hræbarnir
sem hlynir marka;
esa karskr maðr
sás kögla berr
frænda hrørs
af fletjum niðr.

5. Þó munk mitt
ok móður hrør
föður fall
fyrst of telja,
þat berk út
ór orðhofi
mærdar timbr
máli laufgat.

6. Grimmt vörum hlið,
þats hrönn of braut
föður míns
á frændgarði;
veitk ófullt
ok opit standa
sonar skarð,
es mér sær of vann.

7. Mjök hefr Rón
ryskt um mik,
emk ofsnauðr
at ástvinum;
sleit marr bönd
minnar ættar,
snaran þótt
af sjölfum mér.

8. Veizt, ef þá sök
sverði of rækak,
vas ölsmiðr
allra tíma;
hroða vágs brœðr,
ef vega mættak,
fórk andvígr
ok Ægis mani.

9. En ek ekki
eiga þóttumk
sakar afl
við sonar bana,
þvít alþjóð
fyr augum verðr
gamals þegns
gengileysi.

10. Mik hefr marr
miklu ræntan,
grimmt es fall
frænda at telja,
síðan's minn
á munvega
ættar skjöldr
aflífi hvarf.

11. Veitk þat sjalfr,
at í syni mínum
vasa ills þegns
efni vaxit,
ef randviðr
røskvask næði,
unz her-Gauts
hendr of tæki.

12. Æ lét flest
þats faðir mælti,
þótt öll þjóð
annat segði,
mér upp helt
of verbergi
ok mitt afl
mest of studdi.

13. Opt kómur mér
mána bjarnar
í byrvind
brœðraleysi,
hyggjumk um,
es hildr þróask,
nýsumk hins
ok hygg at því,

14. hverr mér hugaðr
á hlið standi
annarr þegn
við óðræði,
þarfk þess opt
of þvergörum;
verðk varfleygr,
es vinir þverra.

15. Mjök es torfyndr,
sás trúa knegum
of alþjóð
Elgjar galga,
þvít niflgóðr
niðja steypir
bróður hrør
við baugum selr.

16. Finn ek þat opt,
es féar beiðir - - -

17. Þat's ok mælt,
at engi geti
sonar iðgjöld
nema sjalfr ali
enn þann nið,
es öðrum sé
borinn maðr
í bróður stað.

18. Erumka þekkt
þjóða sinni,
þótt sér hverr
sótt of haldi;
burr's Bileygs
í bæ kominn,
kvánar sonr,
kynniss leita.

19. En mér fens
í föstum þokk
hrosta hilmir
á hendi stendr;
máka'k upp
jörðu grímu,
rýnniss-reið,
réttir halda,

20. síz son minn
sóttar brími
heiptugligr
ór heimi nam,
þanns ek veit
at varnaði
vamma varr
við vámaeli.

21. Þat mank enn,
es upp of hóf
í Goðheim
Gauta spjalli
ættar ask,
þanns óx af mér,
ok kynvið
kvánar minnar.

22. Áttak gótt
við geirs dróttin,
gerðumk trygg
at trúa h^onum,
áðr vinan
vagna rúni,
sigrhöfundr,
of sleit við mik.

23. Blætka því
bróður Vílis,
goðjaðar,
at gjarn séak,
þó hefr Míms vinr
mér of fengnar
bölva bætr,
ef et betra telk.

24. Göfumk íþrótt
ulfs of bági
vígi vanr
vammi firða
ok þat geð,
es ek gerða mér
vísa fjandr
af vélöndum.

25. Nú erum torvelt:
Tveggja bága
njörva nipt
á nesi stendr;
skalk þó glaðr
með góðan vilja
ok óhryggr
heljar bíða.